


Alþingi
Erindi nr. P 138/1932
komudagur 5.5. 2010

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir,
skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 3. maí 2010
Tilvísun: 2010040397VEL/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs yðar, dags. 21. apríl 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um sameiningu Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands (508. mál á 138. löggjafarþingi, þskj. 895). Stofnunin gerir alvarlegar athugasemdir. Auk atriða sem gagnert lúta að vinnslu persónuupplýsinga hefur verið ákveðið að benda á önnur atriði.

I.

Í fyrsta lagi er bent á að í frumvarpið skortir ákvæði um gagnagrunna Þjóðskrár og Fasteignaskrár. Til dæmis kemur hvorki fram í ákvæðum frumvarpsins né athugasemdum með skýrum hætti hvort ætlun löggjafans sé að framangreindum gagnagrunnum verði áfram haldið aðskildum. Þarf það þá að koma fram. Ef steypa má þeim að einhverju leyti saman við sameiningu stofnananna þarf sömuleiðis að koma fram hvenær það megi gera og hvernig.

Í öðru lagi er bent á að lög nr. 54/1962 um þjóðskrá og almannaskráningu eru gengin til ára sinna. Er brýnt að ný lög um ábyrgð á henni verði í samræmi við þá almannaskráningu sem í raun fer fram.

Í þriðja lagi er óljóst hvernig haga skuli fyrirsvari og stjórnun. Verður t.d. ekki ráðið hver skuli vera stjórnandi og ábyrgðaraðili þeirra verkefna hinnar nýju stofnunar sem nú falla undir lög 54/1962. Setja þarf skýrt ákvæði um stjórn og forstjóra og um hlutverk og stjórnskipulega stöðuhinnar nýju stofnunar. Mikilvægt er að tryggja skýrleika um hlutverk ábyrgðaraðila samkvæmt lögum nr. 77/2000.

II.

Einnig er eftirfarandi ábendingum komið á framfæri :

- Haga má orðalagi með skýrari hætti. Í 1. gr. frumvarpsins segir: „Þjóðskrá, sem rekin er sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu með fjárreiður sem eru algjörlega aðgreindar frá fjárreiðum ráðuneytisins, sbr. 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, og Fasteignaskrá Íslands, sem er sérstök ríkisstofnun sem starfar á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og undir umsjón þess, sbr. 7. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001, skulu sameinast í eina ríkisstofnun er nefnist Þjóðskrá Íslands.“

Persónuvernd telur að lagatexti skuli vera knappur og hnitmiðaður og að skipa beri skýringatexta í athugasemdum. Þetta á einkum við um orðin: „sem rekin er sem skrifstofa í dómsmálaráðuneytinu með fjárreiður sem eru algjörlega aðgreindar frá fjárreiðum ráðuneytisins“ og „sem er sérstök ríkisstofnun sem starfar á ábyrgð dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og undir umsjón þess“.


- Einnig má gera athugasemd við 2. gr. frumvarpsins og staðsetningu hennar. Telur Persónuvernd æskilegt að haga framsetningu í samræmi við rit skrifstofu Alþingis *Breytingarlög - Leiðbeiningar og dæmi*, frá árinu 1998, bls. 55. Ákvæði 2. gr. yrði þá fellt brott og 4. gr. liti svona út: „Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2010. Við gildistöku laga þessara tekur Þjóðskrá Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbindingum Þjóðskrár og Fasteignaskrár Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárheimildir eða skuldir beggja aðila í fjárlögum fyrir árið 2010.“

III.

Persónuvernd telur að gera þurfi umtalsverðar breytingar á frumvarpinu. Samandregnar eru ábendingar Persónuverndar þessar:

1. Í frumvarpinu komi skýrt fram hvort halda eigi gagnagrunnum Þjóðskrár og Fasteignaskrár aðskildum eftir að ábyrgð þeirra fer á eina hendi.
2. Ný lög verði í samræmi við þá raunbreytingu sem hefur orðið á almannaskráningu frá setningu laga nr. 54/1962.
3. Stjórnskipulegu hlutverki og ábyrgð gagna verði skýrar lýst. Vantar heildstætt ákvæði um fyrirvar og verkefni þeirrar stofnunar sem lögin eiga að undirbyggja, þ.e. um stöðu hennar, hlutverk, skipulag, verkefni og stjórnslu.
4. Uppsetningu verði hagað til samræmis við þær almennu reglur sem gilda um ritun lagafrumvarpa, sbr. ofangreint.

Virðingarfyllst



Sigrún Johannesdóttir